

Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 120

Stjórnarfundur Norðurár bs., mánudaginn 29. september 2025, kl 13.00 í Miðgarði. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Arnar Bjarki Magnússon, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Ottó Eliasson og Sigurður Líndal frá Eimi sem voru undir dagskrárlið 1 á fundinum.

Dagskrá:

1. Kynning á gasnýtingarverkefni Eims
2. Verkaskipting stjórnar
3. Fundargerðir 119 stjórnarfundar og aðalfundar 2025
4. Fjárhagur fyrstu 8 mánuði 2025
5. Gjaldskrá 2026
6. Starfsleyfi
7. Gasvinnsla
8. Staða og horfur
9. Erindi:
 - a. Bókun byggðaráðs Húnabyggðar
 - b. Kynning á breyttu verklagi við eftirlit UOS
10. Önnur mál

Fundargerð:

1. Kynning á gasnýtingarverkefni Eims

Ottó Eliasson og Sigurður Líndal kynna stöðu verkefnisins.

Á aðalfundi Norðurár í mars sl. fór fram kynning á verkefninu *Metan til orku – Sjálfbær nýting hauggass í Stekkjarvík*, unnið í samstarfi Eims og Eflu. Í kjölfarið samþykkti stjórn Norðurár bs með tölvupóstsamskiptum

á milli stjórnarmanna og áheyrnarfulltrúa, að styrkja áframhaldandi vinnu um 1500 þús kr.

Skoðaðar voru fjórar sviðsmyndir: a) varmavinnsla, b) raforku- og varmavinnsla, c) raforkuvinnsla og d) koldíoxíðnýting, auk greiningar á samfélagslegum ávinningi.

Ottó kynnti niðurstöður EFLU um hámarksnýtingu hauggassins og mögulegan fjárhagslegan ávinning. Jafnframt fór hann yfir umhverfisáhrif hauggassins. Áætlað er að Stekkjarvík losi um 20 þúsund tonn CO₂-ígilda árlega, eða um 300 þúsund tonn fram til 2040 – sem jafngildir árlegri losun fimm fiskitogara.

Góðar umræður fóru fram um sviðsmyndirnar og næstu skref. Eimur var beðinn um að hafa forgang í samræðum við RARIK vegna mögulegrar varmavinnslu (sviðsmynd a).

2. Verkaskipting stjórnar

Stjórn Norðurár bs hafði ekki fundað síðan á aðalfundi þann 28. mars sl. Það lá því fyrir verkaskipting stjórnar.

Lögð fram tillaga um að Magnús B. Jónsson yrði formaður stjórnar, Hrefna Jóhannesdóttir ritari og Arnar Bjarki Magnússon meðstjórnandi. Samþykkt samhljóða.

Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar og Pétur Arason f.h. Húnabyggðar.

3. Fundargerðir 119 stjórnarfundar og aðalfundar 2025

Fundargerð frá 119. stjórnarfundi lá fyrir fundinum. Hún hafði verið samþykkt og undirrituð rafrænt af stjórnarmönnum og áheyrnarfulltrúum dagana 21.-24. mars. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina.

Sömuleiðis lá fundargerð aðalfundar Norðurár bs 2025 fyrir fundinum. Hún hafði áður verið undirrituð formlega af fundarstjóra og fundarritara. Ekki komu fram athugasemdir við hana.

4. Fjárhagur fyrstu 8 mánuði 2025

Magnús fór yfir stöðu rekstrar fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstrarafkoma tímabilsins nemur tæpum 34 milljónum króna, sem er umtalsvert betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins (18,5 milljónir).

5. Gjaldskrá 2026

Tillaga að gjaldskrá Norðurár bs. fyrir 2026 var lögð fram til umræðu og afgreiðslu. Gjaldskrárbreytingar sem gert er ráð fyrir miðast við 4% verðlagshækkanir en einingaverð í tillögunni eru afrúnnuð miðað við einn aukastaf í aurum og því er breytingin í nokkrum flokkum yfir 4% viðmiði. Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn endurskoða gjaldskrána fyrir 15. október ár hvert og ákveða gjaldskrá fyrir komandi ár sem tekur gildi 1. janúar.

Umræða um gjaldskrána snerist einkum um langtímasjónarmið varðandi rekstur Norðurár og samanburð við aðra urðunarstaði á landinu.

Við endurskoðun gjaldskrárinnar var tekið mið af bæði fjárhagslegum stöðugleika Norðurár til lengri tíma og og lagaskyldu til að halda gjaldskrá í samræmi við kostnað við sörpmeðhöndlun, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs.

Stjórn Norðurár samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá Norðurár bs. fyrir árið 2025. Jafnframt var formanni falið að tilkynna breytta gjaldskrá til sveitarfélaga á starfssvæði Norðurár bs og þjónustuaðila.

Pétur Arason óskaði bókað að hann teldi æskilegt að gjaldskrárhækkun væri umfram verðlagsþróun.

6. Starfsleyfi

Magnús kynnti nýtt starfsleyfi Norðurár vegna urðunar úrgangs og brennslu aukaafurða dýra. Starfsleyfið er gefið út samkvæmt lögum nr.

7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Leyfið tók gildi 21. maí 2025 og gildir til 21. maí 2041.

Jafnframt var kynnt vöktunaráætlun sem fylgir starfsleyfinu. Samkvæmt henni skal rekstraraðili vakta sigvatn, grunnvatn, yfirborðsvatn, sjávarset, losun í loft frá brennsluofni og hauggas í samræmi við mælingaráætlun þar sem fram kemur mæli/sýnatökustaður, hvað á að mæla og tíðni mælinga.

Einnig lá fyrir umsögn Matvælastofnunar (MAST) vegna útgáfu starfsleyfisins.

7. Gasvinnsla:

Þar sem áfangi 2 í urðunarhólfinu er að toppfyllast liggur fyrir að virkja gassöfnun upp úr hólfinu. Á 119. fundi stjórnar var Magnúsi og Elvari falið að koma með tillögu að hugmyndum og kostnaðarmati á næstu skrefum í gasvinnslu. Tillaga þeirra er að gerður verði samningur við ReSource International ehf. um hönnun gasvinnslunnar og ráðgjöf um framkvæmd og innkaup á forsendum verkefnatillögu og kostnaðaráætlunar frá ReSource sem lá fyrir fundinum. Í verkefnatillögunni er gerð grein fyrir tímafjölda í hönnun og kostnaðarmat fyrir stækkun á núverandi gassöfnunarkerfi í urðunarhólfinu. Gert er ráð fyrir að landlíkan sem ReSource hefur gert fyrir urðunarstaðinn muni nýtast við hönnun kerfisins og heildartímafjöldi við undirbúningsvinnu, gerð líkans, kortagerð og kostnaðar- og verkáætlun muni vera um 120 klst.

Fyrir fundinum lá einnig tilboð í mælingu á metanlostun upp úr urðunarhólfinu sem gerð yrði með sérstökum mælitækjum.

Stjórnin ræddi fyrirbyggjandi gögn en samþykkti svo að ganga að tilboði ReSource á forsendum verkefnatillögunnar og tilboði í verkið. Jafnframt

samþykkt að taka tilboði í sérstaka gasmælingu sem færi líklega fram næsta vor þegar yfirborð þessa hluta hefur verið frágengið.

8. Staða og horfur

Elvar Bjarki Gíslason fór yfir stöðu og horfur í rekstri. Heildarmagn til urðunar það sem af er ári nemur um 15.700 tonnum. Magnið er svipað og undanfarin ár og samsetning úrgangs sambærileg, þ.e. að mestu blandaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum.

Í nóvember 2024 tók ReSource loftmynd af urðunarsvæðinu og í kjölfarið var rúmmál holunnar mælt. Mælingarnar sýna að pláss er fyrir um 654 þúsund rúmmetra, eða um 650 þúsund tonn. Til samanburðar hefur verið urðað 312 þúsund tonn frá upphafi og árleg urðun undanfarin ár hefur verið 21-23 þúsund tonn.

Daglegur rekstur gengur vel. Helstu verkefni framundan eru stækkun gassöfnunarkerfis, undirbúningur toppfyllingar á hluta urðunarhólfs og innleiðing nýs skráningarkerfis.

Elvar lagði fram tillögu um að leggja rör í grunnvatnslæk sem kemur undan urðunarhólfinu og liggur í gílinu niður í víkina og setja sýnatökubrunn á lögnina. Framkvæmdin myndi bæta snyrtimennsku við urðunarholuna, draga úr mengunarhættu fokefna í grunnvatn og gera sýnatökur auðveldari og áreiðanlegri. Heildarkostnaður framkvæmdar gæti orðið um 3 milljónir króna og yrði verkið unnið að mestu af starfsmönnum Stekkjarvíkur.

Stjórn samþykkti framkvæmdina samhljóða og Elvari falið að vinna málið áfram.

Þar sem áfangi 2 í urðunarhólfi er að fyllast liggur fyrir að keyra þarf malarlagi yfir svæðið sem lokafrágang á yfirborði og áður en hægt er að hefja gasvinnslu með borunum. Um er að ræða tiltölulega lítið verk en þó meira en svo að hægt sé að vinna það með starfsmönnum og tækjum urðunarstaðarins. Það var því tillaga rekstrarstjóra og formanns að samið

verði við Stoð ehf um að meta umfang og gera verðfyrirspurn hjá verktökum á svæðinu vegna framkvæmdarinnar.

Tillagan var samþykkt samhljóða og formanni og rekstrarstjóra falið að vinna málið áfram.

9. Erindi:

a. Bókun byggðaráðs Húnabyggðar

Fyrir fundinum lá bókun byggðaráðs Húnabyggðar frá 10.04.2025. Stjórn Norðurár tók fyrir erindi byggðaráðs þar sem farið er fram á stjórn ákveði að við móttöku á úrgangsflokknum „ketilryk og kolasalli“ skili framleiðandi mælingum á efnasamsetningu úrgangs og tryggt sé að mæligildi séu ekki yfir viðmiðunarmörkum. Sömuleiðis fer byggðaráð fram á að starfsmenn Norðurár taki sýni úr þessum úrgangssendingum þannig að sannreyna megí efnasamsetningu úrgangsins.

Fyrir fundinum lá einnig samantekt Eflu verkfræðistofu frá 2022 þar sem tekin er saman ferill athugunar og samskipta við UST og mat á hvaða hluta af úrgangi frá PCC væri heimilt að taka við til urðunar að undangengnu útskolunarprófi. Stjórn Norðurár byggði ákvörðun um móttöku á úrgangi frá PCC árið 2022 á framangreindum gögnum og ráðgjöf sérfræðinga Eflu verkfræðistofu sem voru jafnframt í nánú samráði við UST um greiningu efna og mat á hvað væri heimilt að urða.

Stjórn Norðurár metur aðstæður þannig að þar sem PCC á Bakka sé að loka starfsemi sinni amk. tímabundið sé ekki brýn þörf á að móta frekari reglu um móttöku þessa úrgangs að svo stöddu. Hins vegar tekur stjórnin undir ábendingar byggðaráðs um nauðsyn þess að halda vöku sinni gagnvart mögulegum spilliefnum sem kunna að berast til urðunar. Stjórnin telur því fulla þörf á að endurskoða almennar verklagsreglur um móttöku úrgangs. Verkstjóra var falið að móta skýrari reglur um móttöku úrgangs og viðbrögð við frávikum, með það að markmiði að auðvelda og

styrkja eftirlit þannig að koma megi í veg fyrir að óæskileg efni berist til urðunar.

b. Kynning á breyttu verklagi við eftirlit UOS

Lagt fram til kynningar.

10. Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið kl. 15.47.

Viðauki við fundargerð:

Samþ. 29.09.2025

Gjaldskrá	Gjaldskrá 1.01.2025	Gjaldskrá 1.01.2026	Breyting
H01 - Blandað frá heimilum	9,20	9,60	4,3%
H02 - Stór húsgögn, dýnur, grófur timburúrgangur	12,50	13,00	4,0%
H03 - Garðaúrgangur (lífrænn)	9,70	10,00	3,1%
R01 - Blandað frá fyrirtækjum	9,20	9,60	4,3%
R02 - Dýrahæ	16,10	17,00	5,6%
R03 - Sláturúrgangur	16,10	17,00	5,6%
R04 - Spænir, bútar, kurlað timbur	4,30	4,50	4,7%
R05 - Rotþrær	22,00	23,00	4,5%
R06 - Veidarfæri	22,00	23,00	4,5%
R07 -Heyrúlluplast Plast	10,50	11,00	4,8%
R08 - Matarolíur og feiti	22,00	23,00	4,5%
R08 - Sandfangarar ekki olíumengaður	22,00	23,00	4,5%
R09 - Kjöt og fiskur	16,10	17,00	5,6%
R10 - Asbest	26,80	28,00	4,5%
R11 - Almenn spilliefni sem flokka þarf frá	40,00	42,00	5,0%
R11 - Niðurrifs byggingarefni	12,50	13,00	4,0%
R12 - Ketilryk / Kolasalli	22,00	23,00	4,5%
R14 - Grófur plastúrgangur	14,80	16,00	8,1%
R14 - Málning	11,80	12,30	4,2%